



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um fyrirkomulag sumarfrístundar fyrir börn sem fædd eru 2018**

Á fundi borgarráðs, 11. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fyrirkomulag sumarfrístundar hjá Reykjavíkurborg. Óskað er upplýsinga um skráningarfrest og hvort stuðningur fylgi börnum sem eru með greiningu m.a. vegna þroskafrávika eða annarra raskana. Einnig er óskað upplýsinga um hvort tekið er tillit til aðstæðna einstæðra foreldra við skráningu og hvort börnunum sé boðið upp á máltíðir í sumarfrístundinni.*

Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

#### **Svar:**

Foreldrum barna sem fædd eru 2018 stendur til boða að skrá barn sitt í tilraunaverkefnið *Fyrr í frístundaheimili* á tveimur tímabilum, frá 10. júní – 5. júlí og 6. ágúst til 20. ágúst næstkomandi eða í 31 dag. Síðasti dagur barnanna í leikskólanum er 7. júní. Opnunartími verður kl. 8:00-16:30. Foreldrar geta valið annað hvort tímabilið eða bæði. Skráning hófst þriðjudaginn 23. apríl sl. og skráning fer fram á eftirfarandi slóð: <https://sumar.fristund.is>. Ekki hefur verið auglýstur annar skráningarfrestur heldur en almennt gildir í sumarstarfi frístundaheimilanna, það er að skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á föstudegi til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Foreldrar hafa þó verið hvattir til að skrá börnin sín sem fyrst svo hægt sé að undirbúa komu barnanna sem best.

Samtal milli leikskólastjóra og foreldra verður varðandi börn sem eru með úthlutaðan stuðning um hvort þau taki þátt í verkefninu eða verði áfram í leikskólanum. Starfsfólk leikskóla mun fylgja þeim börnum sem taka þátt í verkefninu og eru með úthlutaðan stuðning inn á frístundaheimilin allt sumarið eða eftir þörfum. Að auki er gert ráð fyrir að starfsfólk leikskóla fylgi börnunum eftir í einhverja daga inn á frístundaheimilin í upphafi. Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda starfsmanna í frístundaheimilunum á barn og í leikskólunum. Í frístundastarfi er lögð mikil áhersla á frjálsan leik, málörvun og eflingu félagsfærni. Börn eiga því ekki að fara á mis við þá sérkennslu, málörvun og stuðning við félagsfærni sem þau hafa haft í leikskólum. Með því að geta ráðið fleira starfsfólk í heilsársstörf á frístundaheimilum er líka vonast eftir meiri stöðugleika í starfsmannahópnum og fjölgun fagmenntaðra starfsmanna inni á frístundaheimilunum, s.s. tómtunda- og félagsmálafræðinga sem hafa sérþekkingu í að styðja við og efla félagsfærni barna.

Gjald fyrir *Fyrr í frístundaheimili* verður það sama og fyrir námsgjald í leikskóla óháð dvalartíma dagsins. Verðskrá er því eftirfarandi:



- 10. júní – 5. júlí - 20 dagar:
  - 1. flokkur – 18.560 kr.
  - 2. flokkur – 7.700 kr.
  
- 6. ágúst – 21. ágúst – 11 dagar:
  - 1. flokkur – 10.208 kr.
  - 2. flokkur – 4.235 kr.

Flokkur 1 – Giftir foreldrar, sambúðarfólk og annað foreldri í námi.

Flokkur 2 – Þeir sem hafa sótt um afslátt sem; Einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi, annað eða báðir foreldrar öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri TR og starfsfólk leikskóla Reykjavíkur.

Það verður ekki boðið upp á máltíðir í verkefninu Fyrr í frístundaheimili heldur verður fyrirkomulagið eins og í öðru sumarstarfi frístundaheimila að börnin koma með nesti yfir daginn enda oft á ferðinni.

Foreldrar barnanna sem taka þátt í verkefninu Fyrr í frístundaheimili hafa fengið sent upplýsingabréf auk þess sem bent er á upplýsingar á heimasíðu borgarinnar þar sem reynt er að svara því helsta sem foreldrar hafa verið að spyrja um, sjá slóð: <https://reykjavik.is/ibuar-born-unglingar-og-ungt-folk-fristundastarf-fristundaheimili/spurt-og-svarad-um-tilraunaverkefnid-fyrr-i-fristundaheimili>

Þá hafa foreldrar barna sem skráð hafa börn sín í þáttökugrunnskóla, en eru ekki í þáttökuleikskólum, einnig fengið sent kynningarbréf enda býðst þeim þátttaka í verkefninu.